


OECD *Multilingual Summaries*

Perspectives on Global Development 2014

Boosting Productivity to Meet the Middle-Income Challenge

Summary in Icelandic



Read the full book on: 10.1787/persp_glob_dev-2014-en

Sjónarmið um hnattværa þróun 2014

Efling framleiðni til að takast á við vanda fólks með meðaltekjur

Útdráttur á íslensku

Mörg lönd í meðaltekjuhópnum ná ekki að nálgast tekjur OECD-ríkja á mann: Öflugur vöxtur mestan hluta síðasta áratugar hefur bætt hlutdeild þróunarlanda í hinu hnattværa hagkerfi umtalsvert. En mun þessi þróun „færanlegrar auðlegðar“ gera þessum löndum kleift að nálgast nokkurn tímann meðaltekjur á mann í ríkjunum innan OECD? Eftir langt tímabil markverðrar þróunar hefur farið að draga úr vaxtarhraða í sumum meðaltekjulöndum. Með núverandi vaxtarhraða munu allmörg meðaltekjulönd ekki ná því að mæta meðaltekjum innan OECD fyrir árið 2050. Vandamál þeirra hafa aukist vegna samdráttar í Kína þar sem hraður vöxtur hefur fram að þessu komið nágrönnum þeirra og birgjum til góða, einkum útflytjendum á afurðum náttúruauðlinda.

Lykillinn er aukning í framleiðni: Á vegferðinni frá því að vera lágtekjuland hefur framleiðni aukist máttur með því að vinnuafli hefur flust úr lægri framleiðnisviðum yfir í þá sem sýna meiri afköst á því sviði. Þessi breyting getur haldið áfram að vera mikilvægur þáttur jafnvel í meðaltekjulöndum, til dæmis Indlandi og Indónesíu. En þegar þetta ferli hægir á sér þarf í auknum mæli að beina athyglinni að meiri framleiðniaukningu innan hvers sviðs. Þessi breyting er greinileg í heildaraukningu framleiðni í OECD-ríkjum. Hún er einnig áberandi í Kína þar sem framleiðni hefur verið aukin í mörgum greinum framleiðsluinaðar með því að nýta sér hnattræna þekkingu gegnum beinar erlendar fjárfestingar og með því að flytja inn fjárfestingarvörur og íhluti.

En framleiðni eykst aðeins mjög hægt: Til þess að viðvarandi samleitni sé til staðar þarf að efla þær þarfir sem aukning í framleiðni kallar á. Á síðasta áratug átti framleiðniaukning aðeins örlitla hlutdeild í hagvexti í mörgum meðaltekjulöndum. Hún var einnig ófær um að minnka hið mikla bil í framleiðni samanborið við þróaðri lönd. Bilið jókst jafnvel enn meira í löndum eins og Brasilíu, Mexíkó og Tyrklandi. Gagnstætt því gat Kína merkt áberandi vöxt í framleiðni: um 10% á ársgrundvelli í framleiðni vinnuafli og meira en 7% aukningu í heildarstuðli framleiðni sviði framleiðslu og þjónustu. Indland sá einnig umtalsverða í aukningu í heildarstuðli framleiðni á síðasta áratug enda þótt bilið milli þessa lands og þróaðra hagkerfa sé áfram tiltakanlegt.

Sumir hefðbundnir vaxtarsprotar eru að láta undan: Einkum er mikilvægt að efla framleiðni þar sem meðaltekjulönd eru ekki lengur fær um að treysta á þann ávinning sem lágtekjulönd hafa við að flytjast upp í flokk meðaltekjulanda. Hluti þessa ávinnings er lágur launakostnaður og hraður vöxtur sem knúinn er af þróun af völdum erlendra fjárfestingar í útflutningsgreinum. Lýðfræðileg þróun í meðaltekjulöndum stuðlar jafnvel enn síður að vexti. Lýðfræðilegar breytingar flýta iðulega fyrir flutningi í stöðu meðaltekjulands þegar hraðar dregur úr dánartíðni en tíðni fæðinga sem eykur framboð á fólki á vinnualdri. Sum svæði eiga enn þess kost að nýta sér þennan lýðfræðilega ávinning, einkum Suður-Asía og Afríka sunnan Sahara. En annars staðar dregur úr þessum lýðfræðilega ávinningi.

Meðaltekjuhagkerfi geta eflt framleiðni með því að:

- **Auka stöðugt fjölbreytni yfir í verðmætari svið landbúnaðar, iðnaðar og þjónustu:** Aukning í fjölbreytni er sérlega mikilvæg hjá meðaltekjulöndum þar sem hækkun launa er áberandi, svo og í löndum sem eru rík af náttúruauðlindum.
- **Sinna nýsköpun með hnattrænni þekkingu og efla getu innlendra aðila:** Jafnvel þau lönd sem standa fremst meðal meðaltekjulanda eiga enn eftir að ná umtalsverðum árangri í tækniframförum. Auk betri aðlögunar að hnattræna viðskiptakerfinu og eflingar á þekkingu erlendis frá gegnum viðskipti, beinna erlendra fjárfestinga og með öðrum hætti þurfa löndin einnig að þróa getu sína til að sinna nýsköpun nýrra afurða og verkferla til að sinna betur eigin þörfum og skerpa eigin samkeppnishæfni.
- **Endurmóta afurðir, vinnuafli og fjármálamarkaði og þróa hæfni:** Í mörgum meðaltekjulöndum eru iðulega hömlur á þróun samkeppnishæfra og nýskapandi viðskiptatækifæra vegna ófullnægjandi eftirlitsyfirvalda og skorts á hæfu starfsfólki.
- **Efla samkeppnishæfa þjónustugeira:** Þjónusta innanlands getur aukist til að mæta eftirspurn stækkandi millistétta. Þjónustugeirinn getur einnig eft samkeppnishæfni framleiðslugreina og verið uppspretta útflutningstekna.

Þau geta einnig nýtt sér „eldri“ aflvaka vaxtar með því að:

- **Flytja vinnuafli frá sviðum með lága framleiðni til aukinnar framleiðni:** Mörg meðaltekjulönd, svo sem Indland, Indónesía og Malasía eiga þess enn kost að hafa hagræði af vinnuafli í landbúnaði, framleiðslugreinum og þjónustu sem er að flytjast upp á svið þar sem meiri framleiðni er til staðar.
- **Nýta sér vöxt sem stýrist af eflingu einstakra þátta:** Flest meðaltekjulönd hafa enn svigrúm til eflingar með því hvernig þau geta nýtt sér vinnuafli og safnað í auknum mæli mannauði og efnislegum verðmætum. Einnig er hægt að efla skilvirkni í notkun framleiðslusviða.

Þau geta stuðlað að nýtingu ábatans af vexti með því að:

- **Tryggja jöfn tækifæri:** Í mörgum meðaltekjulöndum er fátækt enn mjög útbreidd og/eða misrétti hefur aukist á síðastliðnum áratug. Gremja „millistettarfólks“ yfir líf skjörum og litlum áhrifum þess á ákvarðanatöku hefur skapað spennu í sumum löndum með meðaltekjuhagkerfi. Þessi félagslegu vandamál þarf að leysa með því að efla almannaðjónustu, bæta lífsgæði manna, auka atvinnutækifæri og tryggja aukin áhrif á efnahagslífið.
- **Þróa virkar svæðisbundnar áætlanir til að styðja við vöxt með auknu jafnfræði og draga úr mismun milli landsvæða:** Þetta kallar á að greina samkeppnishæfni hinna mismunandi svæða og aðlögun opinberrar þjónustu að þörfum á hverjum stað þar sem áherslan er á þéttbýl svæði.
- **Auka orkunýtni og sjálfbærni í umhverfismálum:** Flytja starfsemi yfir í minna orkukrefjandi svið og innleiða tækni sem nýtir orku af meiri hagkvæmni sem myndi draga úr hættunni á sveiflum í orkuverði og breytingum á reglugerðum og kjörkostum. Auk þess þarf að beina athygli í auknum mæli að sjálfbærni á sviði umhverfismála með því að setja saman árangursríkar áætlanir um þróun.

Einnig er hægt að gera stjórnvöld skilvirkari með því að:

- **Efla getuna til að móta og innleiða áætlanir:** Endurbætt þjálfun embættismanna og betri samhæfing milli ráðuneyta er nauðsynlegur áttur í að tryggja árangursríka skipulagningu og innleiðingu. Metnaðarfullar breytingar í stefnumótun geta verið pólitískt erfiðar og kostnaðarsamar en samt betri en engin breyting. Skilvirk stefna um samskipti og rétt tímasetning og forgangsroðun eru mikilvæg til að afla stuðnings frá margvíslegum hagsmunaaðilum við innleiðingu þessara endurbóta.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2014), *Perspectives on Global Development 2014: Boosting Productivity to Meet the Middle-Income Challenge*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/persp_glob_dev-2014-en